

GJALDSKRÁ

fyrir sorpflutninga og sorpförgun í Bláskógabyggð árið 2004.

1. gr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorpflutninga- og sorpförgunargjald).

2. gr.

Sorpgjald greiðist til sveitarsjóðs Bláskógabyggðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda:

A: Sorpgjald á íbúðir, árgjald	kr. 7.980
A.1: Sorp sótt að íbúðarhúsi, aukagjald á íbúðarhús	kr. 8.300
B: Sorpgjald á sumarhús, árgjald	kr. 5.880
C: Sorpgjald á atvinnurekstur, lágmarksgjald	kr. 17.640

Stærri fyrirtæki greiða auk þess sérstaklega fyrir gáma sem þau hafa hjá sér. Gámagjald verði fyrir 5 m³ gám, kr. 2.800 og fyrir 8 m³ gám, kr. 4.480 pr. losun.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 4. nóvember 2003 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 21. janúar 2004, er í samræmi við samþykkt fyrir sorphirðu í Bláskógabyggð nr. 148/2003 sem samþykkt var af heilbrigðisnefnd Suðurlands 18. desember 2002 og í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir sorphirðu í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 21. janúar 2004.

Ragnar Sær Ragnarsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.